# Símaappið

30.10.2026

Í Símaappinu getur þú sýslað með þjónusturnar þínar á einfaldan hátt.

## Hvar næ ég í appið?

Þú getur sótt Símaappið í App Store eða Google Play.




### Innskráning

Þegar þú hefur sótt appið getur þú skráð þig inn með rafrænum skilríkjum, Auðkennis appinu eða SMS.

> **Takmarkaður aðgangur**
> Ef þú skráir þig inn með SMS getur þú bara sýslað með farsímanúmerið sem þú skráir þig inn með.

## Kaupa inneign

Í appinu getur þú fyllt á Frelsið eða bætt gagnamagni eða inneign við önnur fyrirframgreidd númer.

- Veldu **Aðgerðir**
- Veldu **Fylla á**
- Veldu númerið sem þú vilt fylla á. Ef það er ekki í listanum getur þú smellt á **Velja annað númer**.
- Veldu tegund inneignar:
  - **Áfylling** (eða krónuinneign) er hefðbundin inneign sem getur greitt fyrir alla notkun samkvæmt verðskrá.
  - **Þrenna** er mánaðarleg áfylling svipuð hefðbundinni áskrift, nema hún er greidd með greiðslukorti í upphafi mánaðar. Þú getur lesið meira um Þrennu hér.
  - **Gagnamagn** er töluvert hagstæðari inneign fyrir gagnamagn, en gildir aðeins fyrir netnotkun á Íslandi og í löndum innan EES.
- Ýttu svo á **Áfram**
- Ef þú valdir Áfyllingu eða Gagnamagn, getur þú valið hvort þú viljir fylla reglulega á númerið.
- Veldu greiðslukort eða skráðu nýtt.
- Smelltu loks á **Kaupa** til að klára kaupin.

## Reikningar

Ef þú vilt setja reikningana þína í boðgreiðslu eða fá þá senda í tölvupósti geturðu gert það með nokkrum smellum!

### Skoða eldri reikninga

- Veldu **Aðgerðir** neðst á skjánum.
- Veldu **Reikningar**.
- Seinustu sex reikningarnir eru hópaðir eftir hvort þeir eru greiddir eða ekki neðst á síðunni.

### Fá reikninga senda í tölvupósti

- Veldu **Aðgerðir** neðst á skjánum.
- Veldu **Reikningar**.
- Hakaðu við **Fá fjarskiptareikninga í tölvupósti**.
- Sláðu inn netfangið þitt og ýttu á **Staðfesta**.

### Setja reikninga í boðgreiðslu

- Veldu **Aðgerðir**
- Veldu **Reikningar**
- Hakaðu við **Reikningar í boðgreiðslu**
- Stimplaðu inn kortanúmerið þitt
- Veldu **Staðfesta**







